Alþingi
Erindi nr. Þ 127/413
komudagur 10. 12. 2001

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA
Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími: 540 6400
Fax: 540 6401
hjukrun@hjukrun.is
www.hjukrun.is

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

10. desember, 2001
5A3a

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, 229 mál, Heyrnar og talmeinastöð.**

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur fjallaði um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, 229 mál, Heyrnar og talmeinastöð. Stjórnin leitaði umsagnar fagdeildar heilsugæsluhjúkrunarfræðinga sem sendi eftirfarandi umsögn:

Stjórn deildar heilsugæsluhjúkrunarfræðinga innan Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Við teljum breytingartillögurnar vera til bóta fyrir málaflokkinn og þá sem þurfa á þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands að halda. Ennfremur teljum við að það sé styrkur fyrir stofnunina að lögin verði felld inn í lög um heilbrigðisþjónustu.

Stjórn deildar heilsugæsluhjúkrunarfræðinga telur afar mikilvægt að lagabreyting sú sem framundan er, muni gera það að verkum að þjónusta við heyrnarlausa, heyrnarskerta og þá sem eru með talmein verði bætt.

Deild heilsugæsluhjúkrunarræðinga mælir með því að frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, Heyrnar- og talmeinastöð verði samþykkt.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur engu að bæta við álit fagdeildarinnar.

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Herdís Sveinsdóttir, formaður